




Skipulags- og byggingarsvið
Reykjavíkurborgar



Nýr Landspítali við Hringbraut

Deiliskipulag landspítalasvæðis –
formlegt kynningarferli framundan

Göngugötur í miðborginni

Lokun gatna fyrir
bílaumferð í sumar

Allskonar borg

Nýtt aðalskipulag fyrir
Reykjavík
Kynningar- og samráðsferli
framundan í vetur

Kveðja frá skipulagsstjóra

Nú kemur út í fyrsta sinn kynningarritið *Borgarsýn*. Tilgangur með útgáfunni er fyrst og fremst að upplýsa borgarbúa um þau verkefni sem efst eru á baugi skipulagsmála hverju sinni. Borgarumhverfið er í stöðugri mótun en þróun þess og áherslur í skipulagsmálum eiga brýnt erindi við alla borgarbúa.

Skipulagsmál varða daglegt líf og heilsu borgarbúa ekki bara í dag heldur einnig til langrar framtíðar.

Í ritinu er fjölbreytt umfjöllun, allt frá langtíma stefnumótun sem birtast mun í endurskoðuðu aðalskipulagi á næsta ári niður í uppákomutengd verkefni eins og sumarverkefnið torg í biðstöðu og allt þar á milli. Væntanleg uppbygging á lóð Landsspítalans við Hringbraut er til umfjöllunar, en þar er um að ræða umfangsmestu uppbyggingu sem sjá má fyrir sér á komandi misserum í borginni. Tillaga að uppbyggingunni er enn í vinnslu og samráðsferlið rétt hafið og því fjölmörg tækifæri til að hafa áhrif á

mótun tillögunnar áður en yfir lýkur. Í næstu *Borgarsýn* verður fjallað um gerð skipulags í grónum hverfum borgarinnar. Hverfisskipulagið mun verða lykillinn að stefnumótun um sjálfbærari hverfi. Með því næst betri heildarsýn og nánara samhengi milli stefnumótunar og framkvæmda. Þar með er líklegra að megin markmið skipulagsyfivalda um umhverfissvæna borg, þar sem lífsgæði eru í fyrirrúmi, nái fram að ganga. Hverfisskipulag byggir á þátttöku og áhuga íbúanna og við hlökkum til að fá borgarbúa til samstarfs. Meira um það í næsta blaði.

Ólöf Örvardóttir, skipulagsstjóri

Útveitingar og lífið í borginni

Nýjar reglur og leiðbeiningar um útveitingar

Á undanförunum árum hefur starfsemi veitingahúsa í auknum mæli flætt inn á borgarlandið og myndað skemmtilega vídd í mannlífinu. Til að hvetja til enn frekari útveitinga hefur Reykjavíkurborg mótað ramma um þær, þar sem veitingamenn fá nokkuð frjálsar hendur til að útfæra útiaðstöðu við sinn veitingastað. Hins vegar þarf veitingaaðili ávallt að hafa fyrir hendi rekstrarleyfi til útveitinga sem lögreglan veitir. Eitt af markmiðum með reglum um útveitingar er að reyna að skapa góða heildarmynd af borginni sem tekur vel á móti gestum og gangandi og stuðlar um leið að því að hver og einn veitingaaðili geti fundið lausn til útveitinga sem honum hentar.

Með útgáfu reglna og leiðbeininga um útveitingar er reynt að styðja veitingaaðila við að halda áfram að taka þátt í að skapa fjölbreytt, lífandi og snyrtileg almenningsrými sem allir borgarþágar geti notið saman. Í reglum eru gefnar leiðbeiningar og tekið á atriðum eins og opnunartíma, umgengni og ásýnd,



Náðu þér í reglunum

Á vef Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur getur þú náð í PDF bækling með öllum reglum um útveitingar.

aðgengi, hljóð og lykt, skilrúm og skjól, merkingum, borðum og stólum o.fl. Reglurnar hafa verið samþykktar í Skipulagsráði og voru samþykktar í Borgarráði þann 23. júní sl. Hægt er að skoða reglurnar á heimasíðu Skipulags- og byggingarsviðs og nálgast útprentuð eintök í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14.

Nokkur atriði úr reglum

Skilrúm og skjólveggir skulu vera færanleg.

Útveitingasvæði og húsgögnum skal ávallt haldið þrífalegum á opnunartíma sem og eftir lokun.

Mælst er til að skilti sé á bilinu 1–1,5 m. á hæð.

Við torg og opin svæði skal að lágmarki gera ráð fyrir 1,5 metra rými fyrir fótgangandi.

Öll borð og stólar skulu vera færanleg en stöðug.

Hver er þessi Borghildur?

Mannlíf í borginni rannsakað

Árið 2010 stofnuðu fimm arkitektanemar við Listaháskólann rannsóknarhópinn *Borghildi*. Fljótlega fékk hópurinn til liðs við sig grafískan hönnuð og tónsmið. Rannsóknir hópsins byggjast á ýmsum aðferðum þar sem notast er við myndbandsupptökur, hljódupptökur, talningar og kortagerð.

Borghildur vann að sínu fyrsta rannsóknarverkefni, *Borgaralegi hegðun*, sumarið 2010. Viðfangsefnið var mannlíf í borginni og skoðaði *Borghildur* hvernig fólk notaði ýmis torg, götur og garða í miðborginni. Borgaraleg hegðun samanstendur af heimildamynd og rannsóknarskýrslu um viðfangsefnið.

Sumarið 2011 vann *Borghildur* að rannsóknarverkefni um breytingar og tilraunir í miðbæ Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Borgarstíklur*. Annars vegar skoðaði *Borghildur* göngugötur og þá sérstaklega tilraunina á Laugavegi og hvernig áhrif hún hafði á borgarlífið. Hins vegar tók hópurinn þátt í verkefni á vegum borgarinnar, *Torg í biðstöðu*. Hlutverk *Borghildar* í verkefninu var að fylgjast með inngripum annara hópa á torgunum.

www.borghildur.info

Kiktu á vefsvæði Borghildar og skoðuðu nánar hvað hún var að gera í sumar. Þar má sjá fjöldan allan af ljósmyndum og myndböndum sem gerð voru í tengslum við verkefnið.

BORGARALEG
HEGÐUN

Tilraunin á Laugavegi hefur hrist mikið upp í umræðunni í miðborginni. Þegar á heildina er lítið eru rekstraraðilar talsvert jákvæðari í ágúst en í júní samkvæmt skoðanakönnun sem *Borghildur* framkvæmdi. Yfirgnæfandi hluti vegfarenda vill að Laugavegur verði göngugata á sumrin þó almennt sé fólk ekki tilbúið í að lokað sé fyrir bílaumferð allan ársins hring. Skráningar á því hvar fólk nam staðar á göngugötusvæðinu á sambærilegum dögum í júní og júlí sýndu að 95 prósent fleiri stoppuðu þegar gatan var göngugata en á meðan bílaumferð var leyfð. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um Laugavegin og verkefnið *Torg í biðstöðu* má finna á heimasíðu *Borghildar*; borghildur.info





Sólveiturvegur ©SPITAL

Deiliskipulag

Nýr Landspítali við Hringbraut

Drög að deiliskipulagi hafa verið kynnt fyrir hagsmunaaðilum og almenningi

Kynnt hafa verið drög að deiliskipulags-tillögu svæðis fyrir nýtt Háskólasjúkrahús við Hringbraut í Reykjavík fyrir hagsmunaaðilum. Haldnir hafa verið opnir kynningarfundir á vegum NLSH fyrir borgarbúa. Drög að deiliskipulagi voru í kynningu frá 1. september til 1. október. Athugasemdir og ábendingar bárust frá 16 aðilum, einstaklingum og íbúasamtökum. Unnið verður úr athugasemdum og þær skoðaðar með tilliti til

frekari úrvinnslu tillögunnar. Í kjölfarið verður tillagan auglýst með formlegum hætti.

Landspítali háskólasjúkrahús (LSH) var stofnaður árið 2000 með sameiningu tveggja sjúkrahúsa í Reykjavík. Starfsemi er rekin á nokkrum stöðum í Reykjavík, en meginþunginn er í Fossvogi og við Hringbraut. Ætlunin með verkefninu er að sameina alla starfsemi á Landspítalalóðinni við Hringbraut, þar sem byggð verði upp samofin starfsemi sjúkrahúss, kennslu- og rannsóknaraðstöðu í heilbrigðisvísindum og sjúkdómum dýra.

Forsendur verkefnisins

Í janúar 2005 var efnt til skipulagssamkeppni um lóð Landspítala og Háskóla

Íslands við Hringbraut. Teymi undir forystu C.F Möller varð hlutskarpast og vann í framhaldinu að þarfagreiningu og frumathugun. Í kjölfar efnahagshrunsins var ákveðið að endurmeta forsendur verkefnisins. Niðurstaðan var að hagnæmst væri að sameina spítalarekstur við Hringbraut og leggja af starfsemi í Fossvogi. Í kjölfarið var efnt til lokaðrar samkeppni á grunni forvals um frumhönnun Nýs Háskólasjúkrahúss snemma árs 2010. Hönnunarteymi arkitekta og verkfræðinga undir merkjum SPITAL varð hlutskarpast í samkeppni og lágu niðurstöður fyrir 9. júlí 2010. Sama haust hófst vinna við frumhönnun og deiliskipulag NLSH, Nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss.



Bláar byggingar sýna heildaruppbyggingu sem heimiluð verður samkvæmt drögum af deiliskipulags-tillögu.



Loftmynd af Reykjavík, 2010

Formlegt kynningarferli

Með formlegu kynningarferli er átt við að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í blöðum og Lögbirtingablaðinu, þar sem auglýsingartími og athugasemdarfræstur er 6 vikur.



www.nyrlandspitali.is

Vefur um byggingu nýs Landspítala, þar sem finna má upplýsingar um undirbúning og framvindu verkefnisins.

Framkvæmdalok á 1. áfanga
2017



Horft til austurs frá Einarsgarði ©SPITAL



Horft til vesturs við Gamla Spítalann ©SPITAL



Fjöldi bílastæða og hjólastæða á lóðinni, eftir verklok 1. áfanga

1600/550

Byggingarmagn þegar heildaruppbyggingu er lokið verður um

235.500 m²



Aðkoma úr norðri frá Barónsstíg ©SPITAL



Drög að deiliskipulagstillögu hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi.

Að skipulag, nýbyggingar og starfsemin falli vel að umhverfi og styrki borgar myndina með mótun bæjarrýmis.

Að skapa aðlaðandi umhverfi þar sem þarfir sjúklinga og starfsfólks eru í fyrir-rúmi.

Að samþætting Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ skapi bestu skilyrði fyrir þverfaglegt samstarf sem skili framförum, árangri og nýsköpun í lækn-ingum og heilbrigðisvísindum.

Að með uppbyggingu við Hringbraut sé stuðlað að aukinni hagkvæmni í rekstri með heildstærði umhverfissvænni lausn í skipulagi til framtíðar

Að byggja samkvæmt reitaskiptingu sem gefur kost á einfaldri áfangaskiptingu og að byggingarmagn geti breyst án þess að skipulagshugmynd sé raskað.

Að áhersla verði lögð á vistleg göturými, torg og garða sem afmarkast af byggingum og tengjast inn á gatnakerfi borgarinnar.

Hvað verður spítalinn stór?

Núverandi byggð á lóð Landspítalans er 73.600 m². Nýbyggingar í 1. áfanga verða samtals 94.800 m² og 71.100 m² í síðari áfanga. Samtals verða 3.940 m² af núverandi byggingum fjarlægðar.

Að fyrirhuguð uppbygging fylgi samgöngustefnu Reykjavíkur þar sem dregið er úr þörf einkabilsins.

Að byggðin verði í sátt við umhverfið og allar nýbyggingar verði vottaðar skv. alþjóðlegum BREEAM staðli.

Verkefnið	Efnisnotkun	Almenningsrými
Nýbyggingar á svæðinu munu rísa í áföngum, meginuppbyggingin verður á suðurhluta lóðar. Nýjar og núverandi byggingar deiliskipulagssvæðisins verða tengdar með göngum neðanjarðar og tengibrúm ofanjarðar. Núverandi byggingar á lóð NLSH munu allflest standa áfram.	Heildaryfirbragð byggðar skal einkennast af ljósum lit. Útveggir skulu vera úr sigildum, viðhaldsvænum og varanlegum byggingarefnum. Ríkjandi efni útveggja útveggja skulu vera steinsteypa eða steinn. Á þökum nýbygginga er að jafnaði gert ráð fyrir gróðurþekju.	Göturými og torg markast af nýbyggingum svæðisins og gegna veigamiklu hlutverki í skipulaginu. Gert er ráð fyrir sérstökum hjólaleiðum í efri og neðri götu. Áhersla er lögð á aðlaðandi, þægilegt og vistlegt yfirbragð og gróðursæla ásýnd.



Hvítar byggingar

sýna núverandi byggð.

Appelsínugular byggingar

sýna 1. áfanga verkefnisins.

Gular byggingar

sýna síðari áfanga verkefnisins.

©SPITAL



Bernhöftstorfa

Mannlíf

Torg í biðstöðu

Tímabundin inngrip í ákveðin torg og almenningsrými í miðborg Reykjavíkur sumarið 2011

Reykjavíkurborg ákvað í vor að hrinda af stað verkefni sem miðaði að því að nota tímabundnar lausnir til að hanna og lífvæða ákveðin almenningsrými og torg í miðborginni í sumar, ásamt því að hvetja borgarbúa til að taka virkan þátt í nýtingu borgarumhverfisins. Verkefnið kallaðist Torg í biðstöðu og var samstarfsverkefni Umhverfis- og samgöngusviðs, Skipulags- og byggingarsviðs og Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar.

Verkefnin voru tímabundin inngrip í valin torg og almenningsrými í miðborginni og gátu verið allt frá einstaka viðburðum og innsetningum til hönnunar sem stóð í skemmri eða lengri tíma. Völdum rýmum í borginni var úthlutað ásamt verkefnastyrkjum til hugmyndavinnu og framkvæmda. Sumarið 2011 var áherslan lögð á nokkur torg og almenningsrými í miðborginni sem öll eru sérstæð þegar kemur að stærð, notkun og mögu-

leikum. Auglýst var eftir áhugasömum hópum og einstaklingum og í kjölfarið ráðnir hópar og skilgreindar fjárhæðir fyrir hvert verkefni. Torg og almenningsrými sem voru valin: Ingólfstorg, Austurstræti, Lækjartorg, Bernhöftstorfa, Laugavegur göngugata, Óðinstorg, Baldurstorg og Hlemmur. Frekari upplýsingar um hvert verkefni má nálgast á síðunni: www.reykjavik.is/bidsvaedi

Ingólfstorg

Settar voru upp sætis einingar sem áttu að bjóða upp á fjölbreyttari notkun torgsins ásamt því að búa til innlegri staði fyrir fólk en fyrirfinnast á torginu eins og það er í dag. Einingarnar voru litskrúðugar og lifguðu upp á umhverfið.

Austurstræti

Í Austurstræti voru gerðir grashólar á mörkum gangstéttar og götu í vestari hluta götunnar, og þannig lögð áhersla á að grænka svæðið og gera það

hlýlegra. Á menningarnótt var síðan sett upp ljósainsetning yfir gatnamót Pósthússtrætis og Austurstrætis.

Lækjartorg

Í ágúst var sett upp innsetningin *Styttur af Stallinum* sem gekk út á það að glæða Lækjartorgið og umhverfið í kring lífi með því að virkja stytur sem eru á víð og dreif í borginni og endurskapa þær í nýju samhengi.

Bernhöftstorfa

Útbúið var spilasvæði út frá götutaflinu á svæðinu. Þar gafst borgarbúum tækifæri til að spila borðspil og tefla ásamt því að slaka á í fallegu umhverfi. Unnið var með þætti sem fyrir voru á staðnum og komið fyrir svartmáluðum stöplum á auð svæði.

Laugavegur göngugata

Unnið var í því að setja inn litlar skemmtilegar innsetningar sem lifguðu upp á götuna. Innsetningar glöddu augað og gerðu götuna liflegri. Jafnframt var staðið fyrir margvíslegum uppákomum og m.a. haldið götupartý einn laugardag þar sem var mjög fjölbreytt dagskrá.

Óðinstorg

Óðinstorg var endurvakið sem markaðstorg alla laugardaga frá miðjum júlí og fram á haust. Markaðirnir voru oftast þematengdir og lágstemd tónlist var í boði einhvern hluta dags. Jafnframt því var útbúið grænt svæði, sem tengdist inn í bakgarð torgsins og var hugsað sem útivistar- og afslöppunarsvæði fyrir nágranna sem og aðra á virkum dögum.

Baldurstorg

Útbúið var skjólsælt torg sem var betur afmarkað frá götunni. Inni á torginu voru síðan gerðir grashólar og dvalarsvæði sem mynduðu lautir. Grænir járnstaurar með viðarplötum mynduðu umgjörð utan um torgið.

Hlemmur

Staðið var fyrir verkefninu *Hittumst á Hlemmi* þrjá laugardaga í ágúst, sem var haldið í samstarfi við rekstraraðila á svæðinu og Strætó bs. Verkefninu var ætlað að gera Hlemmsvæðið meira lifandi og skemmtilegt ásamt því að gera sýnilegra allt það sem svæðið og nágrenni þess hefur upp á að bjóða. Sköpuð var lifleg umgjörð á þematengdum dögum þar sem margvíslegir viðburðir áttu sér stað sem vöktu mikla lukku.

Frekari upplýsingar um hvert verkefni má nálgast á síðunni www.reykjavik.is/bidsvaedi



Óðinstorg



Yfirlitsmynd kort miðborg



Ingólfstorg

300 stúdentabúðir

Vistvænir vísindagarðar, mikil uppbygging framundan á háskólasvæðinu vegna Vísindagarða. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á svæðinu risi lágreist en þétt borgarbyggð með stúdentabúðum, starfsemi Háskóla Íslands og Vísindagörðum. Lóðin sem um er að ræða afmarkast af Eggertsgötu, Oddagötu og Sturlugötu. Samþykkt tillaga að skipulagi felur í sér mikilvæg markmið góðrar borgarþróunar og mikilvægt skref stigið í þá átt að gera Reykjavík vistvænni og efla hana sem þekkingarborg. Byggðin sem risi verður þétt en lágreist með góðum almenningssvæðum, torgi og inngördum. Þessi byggð stytir vegalengdir fyrir stúdenta og því verður þörf fyrir bílaumferð og bílastæði í lágmarki. Byggðin býr því yfir mikilvægum vistvænum kostum auk þess sem hún gerir þekkingafyrirtækjum kleift að koma sér fyrir á háskólasvæðinu. Á svæði Vísindagarða er gert ráð fyrir starfsemi tengdri Háskóla Íslands þar sem heimilt er að starfrækja stofnanir og fyrirtæki á sviði rannsókna, vísinda og þekkingar sem hafa hag af staðsetningu á háskólasvæðinu. Æskilegt er að á fyrstu hæðum bygginga sé almennt rými með þjónustu sem nýtist svæðinu öllu.

Bláar byggingar

sýna stúdentabúðir.

Appelsínugular byggingar

sýna fyrirtæki og stofnanir.

Gular byggingar

sýna háskólastarfsemi.

Vísindatorg verður staðsett í miðju svæðisins (gula einingin í miðjunni).



Hámarksheimild til uppbyggingar á lóð Vísindagarða

61.900 m²

Gert er ráð fyrir allt að 300 stúdentabúðum

12.000 m²



Horft til suður yfir Þorfinnstjörn
©ASK arkitektar



Yfirlitsmynd
©ASK arkitektar

Heildarfjöldi bygginga er áætlaður

13

Gert er ráð fyrir svæðið geti orðið vinnustaður fyrir allt að

3000 manns



Vísindagarðar
©ASK arkitektar

Heildarfjöldi bílastæða

1.100

Bílastæði í bilageymslum neðanjarðar

600



Sæmundargata, horft til norðurs
©ASK arkitektar



Fuglalíf í Vatnsmýrinni
Ljósmyndari Kristinn Ingvarsson

Umhverfið

Endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýri

Megin breyting á deiliskipulaginu felst í eftirfarandi þáttum:

Að tjörnin vestan við núverandi tjörn við Norræna húsið verði felld niður en í staðinn komi síki sem tengist núverandi síki umhverfis friðlandið.

Svæðið sem var ætlað fyrir tjörn verður meðhöndlað sem hluti friðlandsins.

Búsetuskilyrði fugla á svæðinu verða bætt með því að stækka votlendissvæði innan friðlandsins.

Hamla gegn frekari útbreiðslu óæskilegra gróðurtegunda og um leið útrýma ákveðnum tegundum, s.s. þistli.

Að bæta umferð og dvöl á svæðinu með stíga-gerð, upplýsingaskiltum, fuglaskoðunarhúsi og gera tjörnina við Norræna húsið aðgengilegri.

Á hundrað ára afmæli Háskóla Íslands hafa Norræna húsið, Reykjavíkurborg og HÍ tekið höndum saman um endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýri. Áætlað er að verkefnið taki nokkur ár. Markmiðið er að endurheimta votlendið, auka áhuga á náttúru Vatnsmýrarinnar og efla vitund um verndun náttúrusvæða innan og utan borgarmarkanna. Megináhersla er lögð á að nýta friðlandið sem lifandi vettvangur fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning. Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 17. ágúst 2011 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Háskóla Íslands, Vatnsmýri. Tillagan fór í formlegt kynningarferli í sex vikur frá 31. ágúst til og með 12. október. Gildandi skipulag fyrir svæðið var samþykkt í Borgarráði árið 1999 og var þar gert ráð fyrir tjörn sem náði frá Norræna húsinu og skáhalt að Sæmundargötu.

Friðlandið sem lifandi vettvangur vísinda, fræðslu og rannsókna

Friðlandið í Vatnsmýrinni er einstakt svæði þar sem njóta má villtrar náttúru og fuglalífs í miðri höfuðborginni. Þar er gríðarstaður fugla, vatnalífvera og gróðurs, votlendi sem á að geta verið sjálfbært um hreinleika og endurnýjun. Rannsóknir á lífríki Vatnsmýrarinnar hafa sýnt að því fer hnignandi, en að jafnframt megi með tiltölulega einföldum aðgerðum bæta ástandið og stuðla þannig að endurbótum á náttúruferlinni. Tillögur um aðgerðir til endurbóta á svæðinu fela meðal annars í sér að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland, uppræta ágengar plöntur og endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu.



Laugavegur sem göngugata

Samgöngur

Göngugötur í miðborg Reykjavíkur

Tilraun með lokun gatna fyrir bílaumferð í sumar talin hafa tekist vel

Fjöldi stæða í bílastæðahúsum á vegum borgarinnar

1.144

Fjöldi bílastæða ofanjarðar í miðborg Reykjavíkur

3.043

Fjöldi bílastæða sem hurfu við lokun umferðar á tímabilinu

21

Í byrjun júlí var Laugaveginum, milli Vatnstígs og Skólavörðustígs, lokað fyrir bílaumferð í einn mánuð. Austurstræti, hluti Pósthússtrætis, hluti Hafnarstrætis og göturnar sem umlykja Ingólfstorg urðu göngugötur í júlí og hluta af ágúst. Reykjavíkurborg vildi gera tilraun í þá átt að gera gangandi vegfarendum í borginni hátt undir höfði og um leið hlúa að mannlífi og menningu í miðborginni.

Góð stemming skapaðist í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um göngugötur í miðborg Reykjavíkur. Auðvelt og þægilegt var að ferðast um götuna, þar sem hún hafði verið helguð gangandi og

hjólandi vegfarendum. Ýmsir viðburðir áttu sér stað á Laugaveginum, t.d. götusala, leik og dans, innsetningar, tónlistaviðburðir og ýmis inngrip hönnuð af hópi sem hlaut verkefnastyrk frá Reykjavíkurborg í sumar.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar sá til þess að ítarlegar mælingar voru gerðar á hvernig til hafði tekist: fyrir, eftir og á meðan takmörkun umferðar stóð. Talningar voru framkvæmdar á vegfarendum á Laugavegi og fjölda viðskiptavina í verslunum sem verða birtar síðar. Einnig var viðhorf vegfarenda, íbúa og rekstraraðila könnuð. Rekstraraðilar voru hvattir til að nýta gangstéttarrýmið sem skapaðist með göngugötunni. Markmiðið með að skapa spennandi götu mannlífs, menningar og verslunar og bæta um leið hljóðvist og loftgæði göngugatnanna virðist hafa tekist vel.




Allskonar borg

Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík kynningar- og samráðsferli framundan í vetur

Nýtt aðalskipulag nær til tímabilsins 2010-2030 og er endurskoðun á aðalskipulaginu 2001-2024. Endurskoðun hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur falist í margvíslegri greiningarvinnu, mati valkosta og samráði við íbúa og hagsmunaaðila. Í vetur verður tillaga að nýju aðalskipulagi kynnt fyrir íbúum Reykjavíkur.

Markmið nýs aðalskipulags er sem fyrr að tryggja sjálfbæra og hagkvæma uppbyggingu borgarinnar. Lykilatriði í því er þéttari og blandaðri byggð og aukið vægi vistvænna samgangna. Annað markmið er að tryggja skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt borgarinnar; að taka á móti nýjum íbúum og skapa grund-



Ljósmyndari
Ragnar Th. Sigurðsson

Greining forsenda, megin áherslur

- ▶ Íbúaspá - forsendur vaxtar
- ▶ Greining á mögulegum byggingarsvæðum
- ▶ Skipulagskostir 2050
- ▶ Umhverfismat vallkosta

völl fyrir fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Fjölgun íbúa og starfa er staðfesting þess að samfélagið dafni.

Helsta breytingin frá fyrra aðalskipulagi er aukin áhersla á gæði byggðarinnar. Sjónum er beint að hinu smáa og fingerða í borgarumhverfinu, því sem raunverulega skapar umgjörð um líf fólks í borginni. Með því að setja manneskjuna í öndvegi og forgangsraða í hennar þágu við stefnumótun til framtíðar eru stigin skref í átt til betra borgarsamfélags. Mótun sérstakrar borgarverndarstefnu, stefnu um gæði í manngerðu umhverfi, um hæðir húsa, vistvæn hverfi, verslun og þjónustu innan hverfa, götuna sem borgarrými og stefnu um húsnæði fyrir alla, undirstrika þessar áherslur í nýju aðalskipulagi. Lifsgæðin og gæðin í hinu manngerða umhverfi er lykilinn að aðdráttarafli og samkeppnishæfni borgarinnar.

Önnur mikilvæg áhersla við gerð aðalskipulagsins er aukið samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Gott samráð er forsenda þess að skapa breiðari sátt um aðalskipulagið. Í þessu sambandi hefur verið lögð sérstök áhersla á hverfið og einstaka borgarhluta í aðalskipulagsvinnunni. Markmiðið er að færa aðalskipulagið nær íbúum hverfanna, sem birtist meðal annars í samráðs- og hugmyndafundum sem fóru fram í öllum hverfum borgarinnar veturinn 2009-2010. Á fundunum var aðalskipulagsvinnan kynnt formlega, leiðarljós og helstu áherslur. Auglýst var sérstaklega eftir þátttöku borgarbúa og hugmyndum þeirra að skipulagi borgarinnar. Þau sjónarmið sem komu fram á

Mótun tillögu

- ▶ Tillaga að landnotkun og framtíðarsýn
- ▶ Stefnumörkun í völdum málaflokkum
- ▶ Umhverfismat tillögu
- ▶ Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Leiðarljós

Sýnin og leiðarljós eru sett fram undir fjórum titlum, Borg fyrir fólk, Græna borgin, Borgin við Sundin og Skapandi borg. Lögð er áhersla á mismunandi þætti aðalskipulagsins í hverjum kafla en mörg lykil stefnuatriði skarast á milli kaflanna. Hér er um ágríp að ræða en heildstæðari stefna verður sett fram í lögformlegri tillögu að nýju aðalskipulagi, sem verður kynnt nú í vetur.

Borg fyrir fólk

Borg fyrir fólk felur í sér stefnumörkun sem varðar lífsgæði borgarbúa og gæði í hinu manngerða umhverfi borgarinnar og markmið sem setja manneskjuna í öngvegi og forgangsraða í hennar þágu.

Græna borgin

Græna borgin felur í sér stefnumörkun sem leggur áherslu á hagkvæma nýtingu lands og auðlinda, bætt umhverfissvæði og lýðheilsu, vistvænar samgöngur og verndun náttúru.

hverfafundunum hafa haft margvísleg áhrif á vinnuna við gerð aðalskipulagsins. Í kjölfar íbúafundanna var t.d. ákveðið að aðalskipulagið skyldi sett fram og kynnt hverfi fyrir hverfi. Með því er tryggt að íbúar fái skýrari og betri upplýsingar um sitt hverfi. Settir eru ákveðnari rammar um uppbyggingu og þróun byggðar í hverfinu, sem fylgja þarf eftir við gerð hverfisskipulags sem unnið verður fyrir öll hverfi borgarinnar í kjölfar staðfestingar aðalskipulagsins.

Áformað er að endurtaka opna fundi í öllum hverfum borgarinnar nú í vetur. Á fundunum verða kynntar tillögur að nýju

Kynning og auglýsing tillögu

- ▶ Kynning tillögu
- ▶ Athugasemdir
- ▶ Auglýsing nýs aðalskipulags
- ▶ Afgreiðsla

Skapandi borg

Skapandi borg felur í sér stefnumörkun um eflingu og sérhæfingu atvinnusvæða og skilyrði sem styðja við kraftmikla atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Reykjavík á komandi áratugum.

Borgin við sundin

Borgin við Sundin felur í sér stefnumörkun sem leggur áherslu á vöxt borgarinnar til vesturs, á þetta, fjölbreytta og blandaða byggð á Nesinu og við Sundin.

aðalskipulagi fyrir viðkomandi hverfi ásamt umhverfismati og hlustað eftir ábendingum og athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila.

Skoðu meira á vefnum

Frekari upplýsingar um aðalskipulagsvinnuna er hægt að nálgast hjá skipulags- og byggingarsviði, á skipbygg.is og sérstökum vef verkefnisins: www.adalskipulag.is

Ingólfstorg – Kvosin

Samkeppni um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efnir til tveggja þrepa samkeppni um skipulag á Ingólfstorgi og hótélbyggingu á keppnisreit.

Fyrri þrepið er hugmyndasamkeppni um endurskoðun á hönnun og skipulagi svæðis sem afmarkast af Aðalstræti, Hafnarstræti, Veltusundi, Vallarstræti Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti. Í þessum hluta samkeppninnar er lögð áhersla á skipulag almenningsrýma á svæðinu og frumhönnun hótels. Einnig skal huga að heildarmynd svæðisins og tengingum við aðliggjandi almenningsrými með notagildi og umhverfisgæði að leiðarljósi.

Seinna þrepið er framkvæmdasamkeppni. Allt að 5 tillögur verða valdar úr fyrri þrepi til að forhanna hótél og útfæra nánar almenningsrými. Ítargögn eru fánleg þeim sem skrá sig til þátttöku gegn greiðslu þátttökugjalds.



Ingólfstorg
afmörkun samkeppnissvæðis

Vesturgata

Hafnarstræti

Austurstræti

Austurvöllur

Skilafrestur tillagna er

18. jan. 2012

Nánari upplýsingar má finna á:

www.skipbygg.is

www.ai.is

www.hugmyndasamkeppni.is

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson og
Valný Aðalsteinsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar
Prentun: Prentmet



Reykjavíkurborg